Rely+On™ Virkon™

Fjölvirkt veirudrepandi sótthreinsiefni

Prófun á samhæfi efna

Rely+On™ Virkon™ breiðvirkt sótthreinsiefni er hægt að bera á yfirborð, hurðarhúna, borð, stóla og búnað† í sameiginlegum rýmum, umferðarmiðstöðvum, flugvöllum, sjúkrahúsum, verslunum, veitingastöðum o.fl.

Þótt virkni Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefna sé fyrsta flokks er stundum spurt um efnisleg áhrif, ef nokkur eru, sem sótthreinsiefnin hafa á algeng byggingarefni í því umhverfi sem efnin eru notuð.

Aðferðir við prófun á samhæfi

Gerð var prófun á samhæfi efna til að ákvarða hvort Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefni hefði skaðleg áhrif á tiltekin byggingarefni þegar þau eru borin á með úðabrúsa í þynningarhlutföllum 1:100 og 1:500. Á meðal efna sem prófuð voru eru ýmsir málmar, plast, gúmmí og sílikon.

Prófunaraðferðin samanstóð af því að úða hvert sýni tvisvar sinnum með tilgreindri blöndu af Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefni sem fékk síðan að standa og þorna með loftþurrkun.



Úðun sótthreinsiefnisins var síðan endurtekin á hvert sýni í alls 10 skipti. Þegar prófunarlotunni var lokið var hvert sýni skoðað vel á rannsóknarstofu af tæknimönnum okkar til að ákvarða hvort skaði hafi orðið á formgerð vegna endurtekinnar notkunar Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefnis.

Taflan lýsir nákvæmlega niðurstöðum eftir sjónræna skoðun á hverju efni sem prófað var með tiltekinni þynningarblöndu, í alls 10 skipti.

Efni	Þynningarhlutfall	
	1:100	1:500
Ál	✓	✓
Látún	✓	✓
Galvaniserað stál	✓	✓
Kopar	✓ *	✓ *
Mjúkt stál	✗	✓ **
Háþéttni pólýetýlen (HDPE)	✓	✓
Pólýprópýlen (PP)	✓	✓
Akrílnítríl bútadíen stýren (ABS)	✓	✓
Pólýkarbónat (PC)	✓	✓
Plexígler	✓	✓
Pólývínýlklóríð (PVC)	✓	✓
Pólýmjólkursýra (PLA)	✓	✓
Léttþéttni pólýetýlen (LDPE)	✓	✓
Nítríl bútadíen gúmmí (NBR)	✓	✓
Viton™ gúmmí	✓	✓
Sílikon	✓	✓
Leðuráklæði	✓	✓
Dúkar og ofið efni	n/a	✓
Lagskipt gólfefni	✓	✓

* tap á gljáa.

** prófunarsýni með litlu magni af sótthreinsiupplausn til að tryggja samhæfi.

Ath: Ef þú hefur sérstakar spurningar um samhæfni efna, hafðu samband við LANXESS.

Samantekt niðurstaða

Rely+On™ Virkon™ sótthreinsilausnir eru samhæfðar og má nota á ál, kopar og galvaniserað stál í því þynningarhlutfalli sem gefið er upp við notkun og eftir niðurstöðum prófunarlotu. Hvað varðar kopar komu ekki fram nein skaðleg áhrif á formgerð en tap varð á yfirborðsgljáa sem hafði áhrif á útlit hans.

Hvað varðar mjúkt stál mælum við með varúð þegar Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefni eru notuð, þar sem mismunandi stig tæringar í efnislegri uppbyggingu þess komu fram við skoðun við hvert tilgreint þynningarhlutfall.

Niðurstöður úðaprófunar á sýni úr plasti, gúmmíi og sílikoni sýndu skýrt að hvorki varð tap á formgerð né útliti.

Gólfteppi og mjúkar innréttingar

Vegna þess hve margbreytileg efni eru notuð til framleiðslu á gólfteppum, lagskiptum gólfefnum, mjúkum húsgögnum og leðuráklæðum leggjum við alltaf eindregna áherslu á mikilvægi varúðar þegar Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefni eru notuð.

Eðli allrar efnasamsetninga er þannig að stundum geta efni valdið niðurbroti eða upplitun á dúkum og ofnu efni.

Þess vegna ráðleggjum við að Rely+On™ Virkon™ sótthreinsiefni séu alltaf notuð í þynningarhlutfallinu 1:500 á gólfteppi og mjúkar innréttingar og 1:100 á lagskipt gólfefni og leðuráklæði. Við mælum einnig með að efnið sem á að sótthreinsa sé ávallt prófað fyrst, þar sem lítið ber á, til að ganga úr skugga um að skaðleg áhrif séu engin.

Samhæfisathugun á áhrifum Rely+On™ Virkon™ 1:500 á gólfteppi

Fyrir	Eftir 10 umferðir (blautt)	Eftir 10 umferðir (þurrt)
		

Athugun á áhrifum Rely+On™ Virkon™ 1:100 á leður

Fyrir	Eftir 10 umferðir (þurrt)
	

Athugun á áhrifum Rely+On™ Virkon™ 1:100 á lagskipt gólfefni

Fyrir	Eftir 10 umferðir (þurrt)
	

Þar sem samhæfi eða leifar sótthreinsiefna gæti verið áhyggjuefni mælum við með að þurrka þær af með rökum klút (eftir 10 mínútur).

Rely+On™ Virkon™ pakkningar



Vinsamlegast skoðið merkimiða á pakkningu Rely+On™ Virkon™ til að sjá heildarlista yfir örverur og leiðbeiningar um notkun.
† ekki til notkunar á lækningatæki.

Þessar upplýsingar og tæknileg ráðgjöf okkar – hvort sem er munnleg, skrifleg eða byggð á reynslu – er háð breytingum án fyrirvara og gefin í góðri trú en án ábyrgðar eða tryggingar, sem látin er í ljós beint eða óbeint, og þetta á einnig við þegar um eignarrétt þriðja aðila er að ræða. Ráðgjöf okkar leysir þig ekki undan þeirri skyldu að sannreyna þær upplýsingar sem nú eru gefnar – sérstaklega þær sem eru í öryggisgögnum okkar og á tæknilegum upplýsingablöðum okkar – og að prófa hvort vörur okkar henti fyrir fyrirhugaða ferla og notkun. Áburður, notkun og vinnsla á vörum okkar og þeim vörum sem þú framleiðir á grundvelli tæknilegrar ráðgjafar okkar er utan við stjórnsvið okkar og því alfarið á þína eigin ábyrgð. Vörur okkar eru seldar í samræmi við núverandi útgáfu okkar af almennum sölu- og afhendingarskilyrðum (General Conditions of Sale and Delivery).

Tilgreind notkun og skráðar kröfur fyrir vöruna geta verið mismunandi eftir löndum. Vinsamlegast hafðu samband við LANXESS til að sannreyna viðurkennda landsbundna notkun.

Notið sæfiefni með gát. Lesið alltaf merkimiða og upplýsingar um vöru fyrir notkun.

LANXESS
Energizing Chemistry

Antec International Limited
Windham Road, Chilton Industrial Estate
Sudbury, Suffolk CO10 2XD,
United Kingdom

Tel: +44(0)1787 377305
relyondisinfection@lanxess.com
www.relyondisinfection.com

©2021 LANXESS. Rely+On™ Virkon™, LANXESS og LANXESS kennimerkið eru vörumerki LANXESS Deutschland GmbH eða samstarfsfyrirtækja þess. Öll vörumerki eru skrásett í mörgum löndum um allan heim.